



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu
Páll Björgvin Guðmundsson, framkvæmdastjóri
Hamraborg 9
200 Kópavogur

SAMGÖNGU- OG
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhóls götu 7 101 Reykjavík
sími: 545 8200 postur@srn.is srn.is

Reykjavík 11. nóvember 2020
Tilv.: SRN19120097/3.18.0

Vísað er til bréfs stjórnar Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu frá 10. þ.m. varðandi yfirfærslu vega til sveitarfélaga samkvæmt ákvæðum vegalaga.

Við gildistöku vegalaga nr. 80/2007 breyttist skilgreining stofnvega þannig að tiltekinn hluti þjóðvega í þéttbýli féll utan hennar og heyrði því ekki lengur undir Vegagerðina. Frá þeim tíma var unnið að yfirfærslu þessara vega en árið 2015 var bætt við vegalög sérstakri heimild til handa Vegagerðinni til að kosta veghald þessara vega til ársloka 2019 á meðan yfirfærslan yrði kláruð. Á síðasta ári var framangreind heimild framlengd til ársloka 2020 og lá þá fyrir sameiginlegur vilji aðila til að ljúka málinu á þessu ári. Var þá talið að ná þyrfti samkomulagi um í hvaða ástandi þeim vegum sem eftir stæðu yrði skilað.

Vegagerðinni er óheimilt samkvæmt tilvitnuðum ákvæðum vegalaga að standa straum af kostnaði við veghald umræddra vega eftir næstu áramót. Því er Vegagerðinni hvorki heimilt að sinna veghaldi umræddra vega né semja við viðkomandi sveitarfélög um rekstur og viðhald þeirra eftir áramótin. Ákvæði 6. greinar svonefnds samgöngusáttmála breytir þessu ekki, enda felur það aðeins í sér að samhliða framkvæmd sáttmálans skuli leitast við að festa í sessi skuldbindingar og hlutverk aðila þar sem uppi er einhver óvissa. Það verður augljóslega að gera á grundvelli gildandi laga.

Það er því hvorki samkomulagsatriði né undir ráðuneytinu komið hvort veghald umræddra vega færir yfir til sveitarfélaganna, um það fer eftir gildandi vegalögum.

Fyrir hönd ráðherra


Ragnhildur Hjaltadóttir


Sigurbjörg Björnsdóttir

Ljósrit: Vegagerðin
Bergþóra Þorkelsdóttir, forstjóri
Borgartúni 5-7